

Raunfærnimat

Sjálfsmatslisti fyrir starf **leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu**

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum starfs.



Leiðbeiningar

Hafðu skilgreiningarnar yfir færni leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu, sem eru á næstu síðu, til hliðsjónar við að fylla út sjálfsmatið.

Sjálfsmatið er listi í formi fullyrðinga sem þú metur þig við í takt við matsviðmiðin hér að neðan. Ef merkt er við matsviðmið 3 eða 4 má líta svo á að viðkomandi búi yfir nægilegri hæfni á því sviði.

Niðurstöður og næstu skref

Niðurstöður matsins geta gefið vísendingar um að færni þín sé sambærileg eða jafngild skilgreiningu á hæfni leiðbeinanda á stigi eitt, tvö eða þrjú hér fyrir neðan.

Leiðbeinendur geta nýtt sér niðurstöður matsins til að þróa enn frekar hæfni sína á ákveðnum sviðum. Vegvísir FA fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu er ætlað að styðja við starfsþróun leiðbeinenda. Hann má finna á www.frae.is

Hæfni leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu - Skilgreiningar

Leiðbeinandi á stigi tvö býr yfir allri hæfni sem lýst er á stigi eitt auk þess sem fram kemur undir stigi tvö.

Leiðbeinandi á stigi þrjú býr yfir hæfni leiðbeinanda á stigi tvö auk þess sem fram kemur undir stigi þrjú.

Stig eitt	Stig tvö	Stig þrjú
<ul style="list-style-type: none"> • Leiðbeinandi í fullorðinsfræðslu sem hefur einhverja reynslu af kennslu fullorðinna. Kennir gjarnan námskeið sem aðrir hafa sett saman (búið til). Eða kennir stutt námskeið um hluti sem leiðbeinandi þekkir mjög vel (sérþekking) þar sem fyrst og fremst er verið að miðla þekkingu, t.d. að leiðbeina um [nýja] ferla, aðferðir o.s.frv. • Skipulag kennslunnar, framkvæmd og framkoma leiðbeinanda endurspeglar virðingu fyrir fullorðnum námsmönnum og aðstæðum þeirra. • Leiðbeinandi hefur undirstöðuþekkingu á undirbúningi kennslu, t.d. útbúa dagskrá, undirbúa kennslurými og taka til viðeigandi námsefni fyrir hvern tíma/kennslustund. • Grunnhæfni í kennslu t.d. bein miðlun. • Tekur á móti hópi og miðlar námsefni samkvæmt kennsluáætlun frá öðrum. • Leggur fyrir verkefni og staðlað námsmat ef það er lagt fyrir. • Notar að mestu tilbúin námsgögn en getur útbúið kynningar og einföld verkefni. • Notar stafræna tækni við undirbúning, miðlun og samskipti. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðbeinandi í fullorðinsfræðslu sem hefur þegar kennt nokkuð mörg námskeið og ræður við að kenna fjölbreytt innihald með ólíkum hópum fullorðinna. • Leiðbeinandinn er fær um að: <ul style="list-style-type: none"> - hanna eigin námskeið - útbúa kennsluefni - leiða námsferla - útbúa og leiða alls konar verkefni á námskeiði - styðja nemendur í námi. • Þekkir og notar nokkrar ólíkar kennsluaðferðir. • Kynnir sér nemendahóp, samsetningu og væntingar hópsins. • Skipuleggur námskeið (gerir kennsluáætlun) út frá hæfniviðmiðum / markmiðum námsins. • Útbýr námsgögn m.a. kynningar, leiðbeiningar og verkefni. • Gerir og leggur fyrir námsmat / verkefni og próf, veitir endurgjöf. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðbeinandi sem hefur mikla reynslu í kennslu fullorðinna, hefur kennt ólíkum hópum við ólíkar aðstæður bæði á staðnum og á netinu um fjölbreytt innihald. • Hannar og skipuleggur námsferli byggð á eigin þarfagreiningu eða annarra. • Útbýr kennsluefni á fjölbreyttu formi, hannar verkefni og æfingar þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna á merkingarbæran/raunhæfan hátt með innihald námsferlisins. • Notar fjölbreyttar kennsluaðferðir og mætir nemendum með ólíkar námsþarfir og áskoranir (jafnvel nemendum með náms-, félagslega eða / og geðræna erfiðleika). • Beitir ólíkum aðferðum við námsmat og endurgjöf. • Getur leiðbeint nýjum leiðbeinendum í fullorðinsfræðslu.

Matsviðmið

Í matslistanum gefurðu þér stig við hvert viðmið út frá þinni færni. Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum þætti.
1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.
2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrir fram gefin verkefni.
3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.
4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu, sýnir sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Getur kennt öðrum þessa hæfni.

Nr.	Undirbúningur					
	Undirbúningur - 1	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
1	Ég afla upplýsinga um þátttakendur s.s. um fjölda, samsetningu hópsins og bakgrunn. Við undirbúning kennslu tek ég tillit til sérstöðu fullorðinna sem námsmanna.					
2	Ég vel og tek til námsgögn eftir því sem við á út frá áherslum og efnistöfum (t.d. kynningar, verkefni, námsefni og tæki).					
3	Ég undirbý staðbundið kennslurými, (t.d. með því að ganga úr skugga um að aðstaðan sé bókuð, aðgengileg og að rýmið henti námskeiðinu).					
4	Ég undirbý námsumhverfi á netinu/rafrænt kennslurými (t.d. með því að raða námsefni inn á vefinn, senda nemendum tilkynningar).					
5	Ég er alltaf vel undirbúin/n fyrir kennslu. Ég sé til þess að mín kennslugögn sé tilbúin fyrir kennlustund (t.d. búnaður, gögn og annað efni).					
6	Ég viðheld faglegri þekkingu minni (t.d. með því að fylgjast með og kynna mér nýjungar í kennslufaginu).					
7	Ég undirbý notkun tækjabúnaðar og geri t.d. áætlun um viðbrögð ef tæknin bregst (áætlun B).					
	Undirbúningur – 2	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
8	Ég kynni mér væntingar þátttakenda til námsins.					
9	Ég útbý námsgögn eftir þörfum (s.s. kynningar og verkefni við hæfi).					
10	Ég raða upp í kennslurými í samræmi við markmið námsins.					
11	Ég hef gott vald á helsta hugbúnaði til kennslu svo sem fundarkerfum, námsumsjónarkerfum og öðrum hugbúnaði til að miðla efni og stuðla að samvinnu.					
12	Ég vel innihald námsins út frá hæfniviðmiðum námskeiðsins/námskrár.					
13	Ég vel innihald námsins í samræmi við þarfir þátttakenda.					
14	Ég vel viðeigandi kennsluaðferðir í samræmi við markmið kennslu og þarfir þátttakenda (t.d. bein kennsla, verkefna- og hópavinna).					

15	Ég útbý kennsluáætlun fyrir allt námsferlið og dreifi til nemenda.					
16	Ég skipulegg hverja kennslustund m.t.t. tíma og efnisumfangs.					
17	Ég viðheld faglegri þekkingu minni (t.d. með því að kynna mér nýjungar í kennslufaginu) og ígrunda eigin reynslu úr kennslunni.					
18	Ég kynni mér nýjungar í kennsluaðferðum og ígrunda eigin kennslu í tengslum við þær nýjungar.					
	Undirbúningur – 3	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
19	Ég vinn með þátttakendum í tengslum við væntingar þeirra og skipulag námskeiðsins.					
20	Ég útbý kennsluefni og önnur námsgögn eftir þörfum (t.d. lista yfir skjöl sem nálgast má á netinu, geri kynningar, verkefni, leiðbeiningar, mynd- og eða hljóðskrár).					
21	Ég er leiðandi í notkun upplýsingatækni við kennslu og styð samstarfsfólk mitt og nema við að nota upplýsingatækni við nám og kennslu.					
22	Ég ákveð og skrifa hæfniviðmið í samræmi við námskrá/námskeið/námslýsingu ef við á.					
23	Ég tek þátt í námskrárgerð og ritun hæfniviðmiða fyrir námskeið/námslínu.					
24	Ég vel fjölbreyttar kennsluaðferðir til að miðla námsefni, fyrir úrvinnslu nemenda og til að meta árangur þeirra og mæti þannig ólíkum þörfum þátttakenda.					
25	Ég vinn markvisst að því að auka hæfni mína í kennslu.					

Nr.	Framkvæmd fræðslu					
	Framkvæmd fræðslu – 1					
		1	2	3	4	Eigin athugasemdir
1	Ég skapa uppbyggilegt námssamfélag með þátttakendum mínum.					
2	Ég geri ráð fyrir tíma til að hefja kennsluna / kennslustund.					
3	Ég legg mig fram um að vekja áhuga nemenda á námsefninu.					
4	Ég aðstoða og styð þátttakendur í náminu eftir þörfum.					
5	Ég bregst á viðeigandi hátt við athugasemdam, spurningum og verkefnum nemenda.					
6	Ég útskýri námsefnið og nota viðeigandi kennslumiðla til að styðja við útskýringarnar.					
7	Ég skrái viðeigandi upplýsingar í nemendabókhalda s.s. mætingu og niðurstöður úr verkefnum og prófum.					
8	Ég leiði umræður um innihald námsins og um verkefni því tengd.					
9	Ég kem af stað og leiði verkefnavinnu nemenda í samræmi við kennsluáætlun.					
10	Ég sýni gott fordæmi í samskiptum.					
11	Ég tek frá tíma til að enda kennsluna (kennslustundir / námskeið).					
12	Ég geng frá að lokinni kennslu.					
	Framkvæmd fræðslu – 2	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
13	Ég skapa rými sem laðar alla til þátttöku.					
14	Ég kveiki og viðheld áhuga þátttakenda.					
15	Ég leiði hóp þátttakenda á staðnum á meðan námsferli (t.d. námskeið) stendur yfir.					
16	Ég leiði hóp þátttakenda í rafrænu/net- námi á meðan námsferli stendur yfir.					
17	Ég bregst við og veiti endurgjöf sem styður við nám.					
18	Ég miðla innhaldi og viðfangsefni námsins með fjölbreyttum kennsluáðferðum.					
19	Ég efli sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð þátttakenda á eigin námi.					
20	Ég leiði umræður og stuðla að þátttöku allra.					

21	Ég stuðla að gagnrýninni hugsun og umræðum um námsefnið.					
22	Ég legg fyrir fjölbreytt verkefni svo nemendur geti tileinkað sér námsefnið og leiði verkefnavinnuna.					
23	Ég nýti fjölbreytta kennslumiðla, þar á meðal stafræna, skipti skipulega um miðla og beiti þeim til að styðja við nám þátttakenda.					
24	Ég stuðla að góðum samskiptum í þátttakendahópnum.					
25	Ég tek tillit til þess að þátttakendur eru ólíkir og nálgast nám sitt á ólíkan hátt.					
26	Ég nýti endurgjöf frá þátttakendum til úrbóta í faglegu starfi.					
	Framkvæmd fræðslu – 3	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
27	Ég virkja þátttakendur við að skapa námsumhverfi sem er jákvætt og styður við nám.					
28	Ég útskýri námsefni ítarlega (m.a. með því að beita látbragði, tungumálinu, rökum, sögum og myndmáli) eftir því sem við á.					
29	Ég leiði umræður og viðheld faglegri, siðlegri og opinni umræðu.					
30	Ég útbý, aðlaga og legg fyrir verkefni í ljósi ólíkra námsparfa / námsörðugleika þátttakenda.					
31	Ég laga samskipti mín að hópnum, vel orðaforða, undirbý dæmi til skýringar og vel aðferðir í samræmi við þarfir hópsins.					
32	Ég mæti þörfum þátttakenda með námsörðugleika og félagslegar hindranir á skipulegan hátt.					

Nr.	Mat					
		1	2	3	4	Eigin athugasemdir
	Mat – 1					
1	Ég legg fyrir námsmat gert af öðrum.					
2	Ég fylgist með hvort þátttakendur nái valdi á námsefninu meðan kennsla stendur yfir.					
3	Ég fer yfir námsmat og skrái vitnisburð þátttakenda					
	Mat – 2	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
4	Ég vel og beiti fjölbreyttum námsmatsaðferðum.					
5	Ég nota viðeigandi matsaðferðir út frá efni, kennslu og þátttakendum.					
6	Við gerð námsmats gæti ég að áreiðanleika og réttmæti matsverkfæra.					
7	Ég kynni matskvarða fyrir þátttakendum, þegar við á.					
8	Ég bregst við frammistöðu þátttakenda og veiti leiðbeinandi endurgjöf.					
9	Ég get túlkað niðurstöður námsmats og gefið þátttakendum viðeigandi endurgjöf.					
	Mat – 3	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
10	Ég skipulegg námsmat út frá kennsluáætlun og hæfniviðmiðum náms / námskeiðs.					
11	Ég útbý og útfæri verkefni og próf miðað við aðstæður og þarfir fjölbreyttra þátttakenda.					
12	Ég ræði og útskýri matskvarða fyrir þátttakendum, þegar við á.					
13	Ég legg mat á áhrif matsaðferða á framkvæmd kennslunnar.					
14	Ég íhuga gerð námsmats m.t.t. áreiðanleika og réttmætis.					
15	Ég get rökstutt val og fyrirlögn námsmats.					

Nr.	Stafræn hæfni				
	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
	Stafræn hæfni – 1				
1	Ég nota stafræna tækni í samskiptum við nemendur, samstarfsaðila og aðra eftir því sem þörf er á (t.d. tölvupóstur, umræðuþræðir, fjarfundir).				
2	Ég nota stafræna tækni til að miðla kennsluefni t.d. kynningar, kennslumyndskleið, fjarfundir.				
3	Ég nota stafræna tækni til að veita einstaklingsbundna endurgjöf (t.d. í umræðuþráðum, fjarfundum eða ritvinnsluhugbúnaði).				
4	Ég legg fyrir stafrænt námsmat sem útbúið er af öðrum.				
5	Ég nýti og dreifi stafrænu efni á ábyrgan hátt, t.d. í samræmi við reglur um persónuvernd og höfundarétt.				
	Stafræn hæfni – 2				
6	Ég nota stafræna tækni til samvinnu með samstarfsfólki.				
7	Ég nota stafræna tækni til að útbúa og dreifa náms- og kennsluefni, verkefnum og æfingum.				
8	Ég vel stafræna tækni sem styður við kennslu mína, samskipti nemenda og samvinnu.				
9	Ég vel og nota stafræna tækni sem er notendavæn og aðgengileg. Tek m.a. tillit til kostnaðar og stafrænnar hæfni nemenda.				
10	Ég nota stafræna tækni til að aðstoða og styðja/hvetja þátttakendur.				
11	Ég styð nemendur til náms í stafrænu umhverfi (t.d. einstaklings og / eða samvinnuverkefni).				
12	Ég útbý stafrænt námsmat fyrir bæði leiðsagnarmat og lokamat.				
	Stafræn hæfni – 3				
13	Ég skoða og met hvernig stafræn tækni nýtist í minni kennslu.				
14	Ég útbý nýtt námsefni ein/n og með öðrum, beiti ólíkum miðlum og tek tillit til aðstæðna, nemendahóps og markmiða námsferlisins.				
15	Ég nota stafræna tækni til að skapa og styðja við námssamfélag nemenda og leiðbeinenda.				

16	Ég tek þátt í að móta stafrænar leiðir í kennslu.					
17	Ég nota stafræna tækni til að koma til móts við og styðja við fjölbreyttar námsþarfir nema.					
18	Ég styð nemendur til sjálfstæðis við notkun stafrænnar tækni í eigin námi.					
19	Ég fylgist með nýjungum og bendi öðrum á nýjar leiðir í stafrænni kennslu.					
20	Ég prófa mig áfram með stafræna tækni í kennslu og miðla öðrum af reynslu minni.					
21	Ég vel og nota stafræna tækni til að meta færni nemenda á mótí hæfniviðmiðum.					
22	Ég nota stafræna tækni til að koma til móts við og styðja við fjölbreyttar námsþarfir nema.					

Nr.	Samskipti og samvinna					
	Samskipti og samvinna – 1	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
1	Ég kynni og útskýri námið fyrir þátttakendum.					
2	Ég svara fyrirspurnum frá þátttakendum um námið og vísa erindum áfram á viðeigandi aðila, eins og við á.					
3	Ég ber virðingu fyrir öðrum og fyrir ólíkum bakgrunni fólks.					
4	Ég á í samskiptum við þátttakendahópinn bæði rafræn og staðbundin sem eru fagleg, tímanleg og hvetjandi.					
5	Ég á í árangursríkum samskiptum og samstarfi við aðra sem koma að fræðslunni.					
6	Ég tek gjarnan þátt í samstarfi um kennslu, námsmat og aðra þætti kennslunnar.					
7	Ég gæti trúnaðar gagnvart þátttakendum í fræðslu.					
	Samskipti og samvinna – 2	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
8	Ég fylgist með því að viðmælendur/þátttakendur skilji og fylgi máli mínu (t.d. efnislegri umfjöllun)					

9	Ég fjalla um og útskýri (náms) efni á skipulegan máta, nota fjölbreyttar leiðir svo sem dæmi, myndlíkingar tengingar við daglegt líf og störf þátttakanda.					
10	Ég stuðla að gagnkvæmri virðingu og trausti í samskiptum við nemendur og samstarfsfólk.					
11	Ég reyni að leysa úr ef upp koma erfiðleikar í samskiptum.					
12	Ég á í samskiptum við kaupendur námskeiðs og aðra hagsmunaaðila námskeiðs, ef við á.					
13	Ég sækist eftir (stuðla að) samræðum við samleiðbeinendur til að efla faglega umræðu um kennslu.					
	Samskipti og samvinna – 3	1	2	3	4	Eigin athugasemdir
14	Ég vinn með menningarlega, félagslega, pólitíska og siðferðilega þætti sem hafa áhrif á samskipti og samvinnu eftir þörfum.					
15	Ég stuðla að og leiði styðjandi og gagnkvæm samskipti við nemendur og samstarfsfólk.					
16	Ég tekst á við erfiðleika í samskiptum og leita lausna.					
17	Ég á frumkvæði að og leiði samræður við aðra leiðbeinendur um mögulega þróun í kennslu.					

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að skráðar upplýsingar séu réttar.

Það getur verið gagnlegt að fá t.d. samstarfsmann eða næsta yfirmann til að lesa yfir og ræða sjálfsmatið.

Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda:
Dagsetning:	Undirskrift umsagnaraðila:
Dagsetning:	Undirskrift umsagnaraðila: